

## Skýrsla stjórnar 2003-2004

Á seinasta ári voru haldnir 5 stjórnarfundir. Á aðalfundi þann 11/3 2003 var skýrsla stjórnar lögð fram og ný stjórn var kosin. Gyða Björnsdóttir tók við formennsku af Þuríði Valgeirsdóttur, Unnur Árnadóttir tók við varaformennsku af Ingibjörgu M.Konráðsdóttur sem nú er meðstjórnandi, Óskar Arason hætti sem gjaldkeri og er nú varamaður ásamt Svölu Sigurgarðarsdóttir, Hrönn Petersen er gjaldkeri, Hrefna B.Jóhannsdóttir er áfram ritari hjá félaginu. Við vorum með 2 fræðslufundi í fyrra. Þann 20/2 kom Margrét Hákonardóttir hjúkrunarfræðingur til okkar og hélt fyrirlestur um slökun við langvarandi verkjum. Þann 4/12 hélt Hörður Þorgilsson sálfræðingur fyrirlestur sem var hluti af námskeiði sem hann hefur verið með og kallast Betri líðan. Í fyrrasumar var ársfundur hjá EFCCA sem eru evrópsk regnhlífasamtök sem stofnuð voru árið 1990 af 13 landssamtökum. Urðum við 20 aðildarþjóðin sem fékk inngöngu. Ársfundurinn sem haldinn var í Berlín þann 11/6-15/6 var fyrsta ráðstefnan sem við tókum þátt í sem fullgildir meðlimir, Unnur og Svala fóru fyrir hönd samtakanna og fór Unnur líka sérstaklega á ungliðaráðstefnu og fékk að fylgjast með hvað verið er að gera í öðrum löndum í sambandi við ungliðahreyfingu og er hún í sambandi við formann ungliðahreyfingu Evrópu. Unnur hefur einmitt verið í forsvari fyrir ungliðahreyfingunni hjá okkur, en við erum að reyna að efla hana. Hún hefur haft 2 fundi með ungum krökkum og þau eru með mikið af fínum hugmyndum sem gætu reynst okkur vel! EFCCA fóru fram á að við tilnefndum íslenskan lækni sem þyrfti að sitja í nefnd hjá þeim og við tilnefndum Bjarna Þjóðleifsson meltingarlækni og samþykkti hann það með ánægju. Um verslunarmannahelgina verður haldin ungliðaráðstefna í Róm og ætlunin er að senda 2 fulltrúa fyrir hönd félagsins. Tryggingarmálin hafa verið mikið rædd og ætluðum við okkur að vinna í þeim og reyna að berjast fyrir okkar rétti, en okkur hefur miðað afar hægt í þeim málum, tryggingarmálin eru líka mjög vandmeðfarin og krefjast mikillar vinnu og undirbúnings. Við verðum líka að fara rétt að í þeim málum og höfum við verið að senda fyrirspurnir til erlendra samtaka og spyrjast fyrir um tryggingarmálin í öðrum löndum og sjá hvað og hvernig hefur verið tekið á málunum annarsstaðar. Núna erum við að reyna að finna leiðir til þess að efla samtökin og fá fleiri félagsmenn, líka svo fólk geti leitað til okkar og fengið upplýsingar um margt er varðar meltingarsjúkdóma og fengið stuðning frá öðrum sem eru í sömu sporum. Skráðir félagsmenn eru 140 talsins.

Stjórn CCU samtakanna skipa:

Formaður Gyða Björnsdóttir

Varaformaður Unnur Árnadóttir

Gjaldkeri Hrönn Petersen

Ritari Hrefna B Jóhannsdóttir

Meðstjórnandi Ingibjörg M.Konráðsdóttir

Varamenn Óskar Arason og Svala Sigurgarðsdóttir